



Opinn fundur

Foreldraráð FG og skólinn buðu til opins fundar 26. sept. síðastliðinn. Námsráðgjafar og skólameistari kynntu námið í FG og var lögð sérstök áhersla á að kynna þriggja anna kerfi sem tekið verður upp næsta haust (haust 2019). Fundurinn var sendur út á „Facebook live“ og má sjá hann [hér](#). Athugið að fundurinn hefst ekki fyrr en 17 mínútur eru liðnar af myndbandinu. Þessi nýjung mæltist vel fyrir og þó augljóst sé að við eigum ýmislegt ólært í útsendingum heyrðist ágætlega allt sem þar fór fram. Við munum halda áfram með þessar útsendingar og vonumst til á næsta fundi að ræðumenn séu alltaf í mynd og að við getum tekið á móti spurningum utan úr bæ.

Af hverju viljum við breyta í þriggja anna kerfi?

- Við teljum að styttri annir hjálpi nemendum að halda betri einbeitingu önnina á enda. Einbeiting og úthald minnkar þegar líða tekur á önnina í tveggja anna kerfi.
- Þriggja ára stúdentspróf kallar á að nemendur þurfi að taka fleiri einingar á önn. Það þýðir að í núverandi kerfi þurfa þeir að taka 7-9 áfanga á önn. Það er mörgum nemendum mjög erfitt og teljum við að styttri önn með færri áföngum hjálpi nemendum að ná árangri.
- Skólasókn er ekki nógu góð og teljum við að breytt annarkerfi muni bæta skólasókn. Reynsla frá Menntaskólanum í Sund sem hefur skipt í þriggja anna kerfi bendir til þess að skólasókn sé betri í slíku kerfi.
- Þriggja anna kerfi gerir það auðveldara fyrir nemendur að ljúka löngum línunum í námsgreinum þar sem heildarfjöldi anna eru níu í stað sex ef nemendur ætla að ljúka á þremur árum.
- Athugum að þriggja anna kerfi mun ekki breyta því hvað nemendur ljúka miklu námi á hverju ári. Engar breytingar verða á hvenær skólinn hefst að hausti og lýkur að vori.
- Aðalbreytingin er að nemendur taka færri áfanga í einu og þar af leiðandi verða kennslutímar fleiri í hverjum áfanga.
- Athugum að við viljum breyta annarkerfinu fyrst og síðast til auðvelda nemendum að ná markmiðum sínum í námi.

Skilaboð frá foreldrafélaginu

Kæru foreldrar / forráðamenn nemenda í FG. Í FG er starfandi foreldraráð eins og tekið er fram í lögum um framhaldsskóla. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólafarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann. Allt starf í foreldraráði er unnið í sjálfböðavinnu af foreldrum.

Foreldraráðið stendur fyrir margskonar fræðslu fyrir foreldra með áherslu á forvarnir og önnur mikilvæg mál unglíngana okkar. Við höfum t.d. staðið að "edrupotti" á böllum á vegum skólans þar sem vinningar eru í boði fyrir nemendur sem blása í áfengismæli.

Til að efla þetta starf viljum við innheimta litla upphæð, kr. 500.- fyrir önnina sem varið verður í þetta starf. FG innheimtir þetta gjald sem ætti að koma fram sem valkvæð greiðsla í heimabanka.

Við viljum líka minna á Facebook síðu okkar: "Foreldrar nemenda í FG" og viljum við hvetja foreldra til að fylgja (follow) síðunni eða like-a hana. Við munum setja þangað inn fréttir af starfinu og viljum endilega heyra frá þér þar.

Foreldraráð FG

Miðannarmat

Miðannarmat verður fært inn í Innu í vikunni eftir haustfrí. Þar koma fram upplýsingar um stöðu nemandans í þeim áföngum sem hann er skráður í. Þetta er auðvitað bara mat kennarans og skilaboð til nemandans um hvernig hann stendur í áfanganum.

Matið er gefið í í bókstöfum.

G - gott = nemandinn stendur vel

V- viðunandi = staða nemandans er í lagi, en má ekki versna

Ó - óviðunandi = nemandinn mun falla ef ástandið verður óbreytt

Ý - Á ekki við = ekki er hægt að meta nemandann á þeim gögnum sem liggja fyrir

Haustfrí

Haust frí er föstudaginn 12. okt. og mánudaginn 15. okt.

Kennsla er samkvæmt stundarskrá þriðjudaginn 16. okt.